

Mannréttindaráð

Ár 2025, fimmtudaginn 28. ágúst var haldinn 11. fundur mannréttindaráðs. Fundurinn var vinnufundur og haldinn í Ráðhúsi, Borgarráði og hófst kl. 13.02. Fundinn sátu eftirfarandi fulltrúar: Sabine Leskopf, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Guðný Maja Riba, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson og Kjartan Magnússon. Einnig sátu fundinn eftirtaldir fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks: Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, Ingólfur Már Magnússon, Katarzyna Kubiś, Lilja Sveinsdóttir og Sigurbjörg H. Sigurgeirsdóttir. Einnig sat fundinn eftirfarandi starfsfólk: Valgerður Jónsdóttir og Bragi Bergsson. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning velferðarsviðs á erindisbréfi dags. 12. ágúst 2025, um starfshóp um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu við fatlað fólk og aldrað fólk í Reykjavík MSS25070080

Katrín Harpa Ásgeirsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Mannréttindaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Yfirvofandi breytingar á rekstri almenningssamgangna kalla á heildstæða skoðun á akstursþjónustu við fatlað fólk og aldraða. Mannréttindaráð fagnar því að meta skuli núverandi þjónustu, greina þarfir ólíkra hópa og skoða hvort tækifæri til samlegðar séu í þjónustu og rekstri, bæði innan borgarinnar og í samstarfi við önnur sveitarfélög. Mannréttindaráð telur mikilvægt að starfshópurinn hafi hliðsjón af aðgengi notenda að þjónustu og getu þeirra til að nýta sér hana, sem og að unnið verði í nánú samráði við hagsmunasamtök fatlaðra og eldri borgara um mótun tillagna. Sérstaklega þarf að tryggja að sjónarmið notenda, aðstandenda og starfsfólks komi fram í vinnunni og að framtíðarfyrirkomulag tryggi samfellu og gæði þjónustunnar þegar rekstri almenningssamgangna verður breytt. Ráðið óskar jafnframt eftir að vera upplýst um framgang vinnunnar og niðurstöður.

- Kl. 13.17 tekur Magnea Gná Jóhannsdóttir sæti á fundinum.
- 2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 22. ágúst 2025, um stöðu aðgerða í aðgerðaráætlun aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar. MSS22010199
- Kl. 14.27 víkja af fundinum eftirtaldir fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks og starfsfólks: Sigurbjörg H. Sigurgeirsdóttir, Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, Ingólfur Már Magnússon, Katarzyna Kubiś, Lilja Sveinsdóttir og Bragi Bergsson.
- Kl. 14.28 víkur Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns af fundinum og Tinna Helgadóttir tekur sæti.
- 3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 25. ágúst 2025, um starfsáætlun mannréttindaráðs 2025 -2026. Samþykkt. MSS23040118
- 4. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 13. ágúst 2025, um yfirlit yfir ferðir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu janúar – ágúst 2025. MSS22120013
- 5. Lagt fram svar skóla- og frístundasviðs dags. 15. ágúst 2025, við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands um Betri borg fyrir börn, sbr. 8. lið fundargerðar mannréttindaráðs frá 12. júní 2025. MSS25060053
- 6. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um mál á dagskrá:

Lagt er til að mannréttindaráð óski eftir kynningu á fund ráðsins á aðgengismálum á Veðurstofureit og verklag vegna aðgengismála í nýjum hverfum.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. MSS25080085

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um mál á dagskrá:

Lagt er til að mannréttindaráð óski eftir kynningu á fund ráðsins á aðgengi í bílastæðahúsum og stefnu borgarinnar um bílastæði fyrir hreyfihamlaða í mannréttindaráði.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. MSS25080086

Fundi slitið kl.14.40

Sabine Leskopf

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir
Tinna Helgadóttir
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Guðný Maja Riba
Kjartan Magnússon
Friðjón R. Friðjónsson